



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 21. maí 2024

Tilvísun: 2405068/0.7.6

### Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 15. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál.

Landhelgisgæsla Íslands vill koma á framfæri athugasemdum varðandi mikilvægi þess að haft verði samráð við Landhelgisgæsluna þegar kemur að staðsetningu, umfangi og stærðar væntanlegra vindorkugarða vegna margþættrar starfsemi stofnunarinnar.


Mikilvægt er að hafa í huga að þyrlur Landhelgisgæslunnar í leitar- og björgunarverkefnum, sem og öðrum verkefnum, geta þurft að fljúga í lágum hæðum í öllum veðuraðstæðum að nóttu sem degi af ýmsum ástæðum s.s. til að forðast ísingarskilyrði, skýjalög m.a. og halda sjónflugsskilyrðum. Því er mikilvægt að Landhelgisgæslan fái svigrúm til að koma athugasemdum á framfæri varðandi staðsetningu, sýnileika og annað er getur haft áhrif á og vegið að öryggi áhafna og þyrlanna við störf þeirra. Þá er nauðsynlegt að hindranaljós verðir sýnileg með nætursjónaukum þar sem vindmyllum verður komið fyrir.

Landhelgisgæsla Íslands fer með framkvæmd varnartengdra rekstrarverkefna í umboði utanríkisráðuneytisins. Hluti þeirra verkefna er rekstur ratsjár- og fjarskiptastöðva. Landhelgisgæsla Íslands vill vekja athygli á því að áður en ákvörðun er tekin um staðsetningu vindmylla og vindorkugarða í nágrenni við ratsjár- og fjarskiptastöðvarnar er nauðsynlegt að haft verði samráð við stofnunina þar sem turnar og spaðarnir geta valdið óheppilegu endurkasti á ratsjármerkjum og fjarskiptum.

Þá er rétt að benda á að við ákvörðun um staðsetningu vindorkugarða á hafi er mikilvægt að öryggis siglinga sé gætt í hvívetna enda eitt af verkefnum Landhelgisgæslunnar að gæta öryggis sjófarenda. Varðandi staðsetningu vindorkugarða á hafi vill Landhelgisgæslan því vekja athygli á því að haft verði samráð við þær stofnanir sem fara með siglingaöryggi og öryggi sjófarenda.

Sé þess óskað eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,



Guðrún Margrét Kristjánsdóttir  
Yfirlögfræðingur